



Reglur um bæjarlistamann Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar veitir ár hvert einum listamanni eða samtökum listafólks nafnbótina *bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar*.

Fer útnefning fram við hátíðlega athöfn á bæjarhátíðinni Veturnóttum, í október ár hvert. Nafnbótinni fylgir styrkur í samræmi við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins ár hvert, auk verðlaunagrips.

2. gr.

Tilgangur með útnefningunni er að varpa ljósi á það fjölmarga og hæfileikaríka listafólk sem býr í Ísafjarðarbæ og hefur átt þátt í að auðga menningarlíf bæjarins í gegnum árin.

Það er meðal annars hlutverk bæjarlistamanns að deila listsköpun sinni með bæjarbúum það ár sem hann er valinn, og skal samningur um a.m.k. einn viðburð bæjarlistamanns á nk. ári, gerður í kjölfar útnefningar.

3. gr.

Menningarmálanefnd skal auglýsa eftir umsóknum og/eða rökstuddum ábendingum á vefsíðu Ísafjarðarbæjar, sem nefndin hefur til hliðsjónar við val á bæjarlistamanni, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Skal fjárhæð styrks koma fram við auglýsingu.

4. gr.

Skilyrði útnefningar er að listamaðurinn sé virkur í listgrein sinni og hafi haft fasta búsetu í Ísafjarðarbæ í a.m.k. tvö ár.

Þá skal við mat á útnefningu taka mið af þeim viðurkenningum sem listamanninum hefur hlotnast og útbreiðslu verka hans. Einnig skal litið til þess hverjir teljast efnilegir á sínu sviði og er þá nafnbótin jafnframt hvatning til viðkomandi að halda áfram störfum sínum á sviði listarinnar.

5. gr.

Menningarmálanefnd mælist til þess að *bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar* láti nafnbótina koma fram sem víðast, sveitarfélaginu og listamanninum til framdráttar.

Ísafjarðabær sér um skráningu upplýsinga á vefsíðu sinni, þar sem bæjarlistamaður hvers árs er kynntur, helstu verkefni og væntanlegir viðburðir.

Samþykkt á 500. fundi bæjarstjórnar, þann 20. október 2022